

20. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 69 frá 1928.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Ákvæði 1. málsg. 7. gr. í lögum nr. 69 frá 1928, um álagning á vinanda og áfengi, fellur burtu. Málsgreinin verður þá þannig: „Lyf, er verzlunin útvegur læknum eða sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 4. nóvember 1931 gaf Hans hátign konungurinn, samkvæmt tillögum dóms- og kirkjumálaráðherrans, út bráðabirgðalög þau, sem prentuð eru sem fylgiskjal við frumvarp þetta, og er í forsendum bráðabirgðalaganna getið ástæðna þeirra, er þau byggjast á.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um

breyting á lögum nr. 69 frá 1928.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vor dóms- og kirkjumálaráðherra hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að ákvæði í 1. málsg. 7. gr. laga nr. 69 frá 1928, um ákveðna álagning á vinanda og áfengi, sem leyft er að flytja til landsins, sé óheppilegt, eins og nú stendur á. Telur ráðherrann því nauðsynlegt að fella burtu þetta ákvæði nú þegar, og verðum Vér því að telja brýna

nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, um slíka lagabreyting.
Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ákvæði 1. málsg. 7. gr. í lögum nr. 69 frá 1928, um álagning á vinanda og áfengi, fellur burtu. Málsgreinin verður þá þannig: „Lyf, er verzlunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 4. nóvember 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.